## Þökkum veittan stuðning:

Arion Banki

Ásprent

Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Flugfélag Íslands

Freydís Hilmarsdóttir

Gunnar Smári Helgason

Hjallastefnan

Hótel Kea

Íslandsbanki

Karlakór Akureyrar - Geysir

Landsbanki Íslands útibú Akureyri

N4

Samherji

Allir flytjendur gefa vinnu sína og ágóðinn rennur óskiptur til Mæðrastyrksnefndar Akureyrar



# Aðventuónleikar Kvennakórs Akureyrar

8. desember, 2011 kl. 20:00

Í Hofi

Haldnir til styrktar

Mæðrastyrksnefnd Akureyrar

Stjórnandi: Daníel Þorsteinsson

Meðleikarar: Aladár Racz á píanó,

Emil Þorri Emilsson á slagverk

og Pétur Ingólfsson á kontrabassa

Með kórnum koma fram einsöngvararnir

Guðrún Gunnarsdóttir og Ívar Helgason

**Guðrún Gunnarsdóttir** á að baki farsælan söngferil í tvo áratugi. Hún hefur víða komið við og sungið inn á fjölda platna með ýmsum listamönnum og átt vinsæl lög á mörgum safnplötum, þ.á.m. Minningaplötunum og Íslandslögum. Hljóðritanir hennar gætu þannig fyllt margar hljómplötur. Guðrún hefur einnig tekið þátt í uppfærslu söngleikja og ber þar hæst hlutverk Maríu Magdalenu í uppfærslu á Jesus Christ Superstar í Borgarleikhúsinu 1995 og einnig hefur hún komið fram í tónlistardagskrám af ýmsu tagi. Fyrsta sólóplata Guðrúnar, Óður til Ellyjar, var tekin upp á samnefndum minningartónleikum hennar um Elly Vilhjálms 2002. Síðan hefur Guðrún gefið út 3 sólóplötur og 3 dúettaplötur með Friðriki Ómari, tekið þátt í fjöldanum öllum af stórtónleikum ss. Frostrósum, Jólatónleikum Björgvins, farið í tónleikaferðir um landið og m.a. staðið fyrir tónleikadagskrá í Norræna húsinu um Cornelis Vreejswiik ásamt Aðalsteini Ásberg ofl.

[illegible] hlutverki Litla sótarans í samnefndu verki Benjamin Britten í Íslensku óperunni árið 1987. Eftir það var ekki aftur snúið, og eftir nám í Tónlistarskólanum í Hafnarfirði og Söngskólanum í Reykjavík sótti hann framhaldsnám í sviðslistunum í Austurríki. Hann útskrifaðist frá söngleikjadeild Tónlistarháskólans í Vín Universität für Musik und darstellende Kunst árið 2003 og starfaði í söngleikjum í Austurríki, Ítalíu, Sviss og Þýskalandi til ársins 2007. Ívar hefur síðan þá tekið þátt í uppfærslum Þjóðleikhússins á Skilaboðaskjóðunni, Ástin er diskó, lífið er pönk og Óliver! Ívar hefur kennt söng við Söngskólann í Reykjavík og kennir nú söng við Tónlistarskólann á Akureyri auk þess sem hann leikur með Leikfélagi Akureyrar.

**Daníel Þorsteinsson** píanóleikari og stjórnandi Kvennakórs Akureyrar er fæddur í Neskaupstað 1963 og hóf þar sitt tónlistarnám. Hann lauk burtfarar- og píanókennaraprófi frá Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar 1986 og stundaði framhaldsnám við Sweelinck tónlistarháskólann í Amsterdam, þaðan sem hann lauk prófi árið 1993. Daníel hefur verið virkur í íslensku tónlistarlífi um árabil, komið fram sem einleikari m.a. með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands sem og í samleik með einsöngvurum og smærri tónlistarhópum, auk þess sem hann hefur haldið námskeið í píanóleik, bæði hér á landi og á Spáni. Daníel hefur og samið og útsett tónlist s.s. fyrir leikhús, kóra og einsöngvara og leikið inn á fjölda hljómdiska tónlist af ýmsu tagi. Daníel var tilnefndur bæjarlistamaður á Akureyri árið 2000, býr nú í Eyjafjarðarsveit og gegnir m.a. starfi organista við Laugalandsprestakall í Eyjafirði.

# Efnisskrá:

**Jesú, mín morgunstjarna**
Íslenskt þjóðlag
(úr Hólabók 1619)
Ljóð: 1. vers ók. höf., 2. og 3. vers Magnús Runólfsson

**Vögguljóð Maríu**
Lag: Max Reger
Ljóð: Hinrik Bjarnason

**Jólaljós**
Lag: Jónas Þórir
Ljóð: Hjálmar Jónsson

**Eitt lítið grenitré**
Lag: Miller & Wells
Ljóð: Ólafur Gaukur Þórhallsson

**Hátíð fer að höndum ein**
Þjóðlag
Ljóð: 1. erindi þjóðvísa, 2. – 5. erindi Jóhannes úr Kötlum

**Heyr mína bæn**
Lag: Nicola Salerno
Ljóð: Ólafur Gaukur Þórhallsson

**Lífsbókin**
Lag: Bergþóra Árnadóttir
Ljóð: Laufey Jakobsdóttir

**Umvafin englum**
Lag: Sarah McLachlan
Radds.: Gunnar Gunnarsson
Ljóð: Valgeir Skagfjörð

## HLÉ

**Hvít jól**
Lag: Irving Berlin
Ljóð: Stefán Jónsson

**Silfurtón**
Lag: Jay Livingstone
Ljóð: Jónas Friðrik

**Jólin allstaðar**
Lag: Jón Sigurðsson
Ljóð: Jóhanna Erlingsson

**Grýlukvæði**
Lag: Ingibjörg Þorbergs
Radds.: Skarpi
Ljóð: Jóhannes úr Kötlum

**Hin drifhvíta mjöll**
Lag: Jaan Alavere
Ljóð: Friðrik Steingrímsson

**Jólanótt**
Lag: Daníel Þorsteinsson
Ljóð: Sverrir Pálsson

**Árstíðirnar**
Lag: Daníel Þorsteinsson
Ljóð: Anna Þóra Gunnarsdóttir